



VATNSVEITA HAFNARFJARÐAR

**Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 Reykjavík.**

Bt. Skúla Thoroddsen / Kristins Einarssonar

Tilv. Orkust. 2015080014/50.4.4
Málsnúmer í Hafnarfirði 1304501

Varðar: Umsögn um áætlun Veitna ohf (Orkuveita Reykjavíkur) og Kópavogsbæjar um eftirlitsáætlun þeirra vegna aukinnar vatnsvinnslu í Vatnsendakrikum í Heiðmörk.

Til umfjöllunar er eftirlitsáætlun ofangreindra aðila en Orkustofnun hefur sett hana sem skilyrði fyrir þeim nýtingarleyfum á grunnvatni sem þessir aðilar hafa fengið, þrátt fyrir mótmæli Hafnarfjarðar.

Vakin er athygli á því að mikilvæg forsenda fyrir því að þessi áætlun gangi eftir, er sú að notaðar séu rannsóknarborholur sem að Vatnsveita Hafnarfjarðar hefur borað á sinn kostnað.

Engu að síður tekur Vatnsveita Hafnarfjarðar jákvætt í að þessar rannsóknir fari fram og að eftirlitsáætlunin nái fram að ganga. Skilyrði Hafnarfjarðar eru að öll mæligildi og niðurstöður verði skilgreind sem opinber vatnamælingagögn og vistuð sem slík hjá Veðurstofu Íslands. Þá er óskað eftir að umgengni í tengslum við eftirlitsáætlunina, bæði um borholurnar og verndarsvæði vatnsbólanna verði óaðfinnanleg.

Þó svo að Vatnsveita Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarbær samþykki og fagni því að ofangreindir aðilar ráðist í þessar þörfu og tímabæru rannsóknir, er ekki dregið úr fyrri afstöðu Hafnarfjarðar um nauðsyn þess að umhverfismat á aukinni vinnslu í Vatnsendakrikum fari fram og ekki dregið úr þeim möguleika að Vatnsveita Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarbær geri bótakröfur vegna þeirra heimilda sem Orkustofnun hefur veitt og Reykjavíkurborg og Kópavogur munu nýta sér.

Hafnarfirði 9/2 2016

Virðingarfyllst,

Dagur Jónsson, vatnsveitustjóri.

Created on 09/02/2016 16:39:00 Umsögn um eftirlitsáætlun Orkuveitu Reykjavíkur og Vatnsveitu Kópavogs 2016